

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasta setning í 2. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Við rómv. XVI í 4. gr. bætist nýr töluliður, er verði 7. tl. og orðist svo:
Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í kvenlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrðin eru tími í aðalgrein skv. IX og 2 ár í hliðargrein.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80/1969, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 20 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 50 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gald, þ.e. kr. 10 og kr. 25 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1981 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

- 1.1 Með starfsmannabústöðum er í reglugerð þessari átt við varanlegt íbúðarhúsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.
- 1.2 Með starfsmannabúðum er í reglugerð þessari átt við færanlegt húsnæði til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks vegna atvinnustarfsemi utan þéttbýlis.

II. KAFLI

Leyfisveitingar.

2. gr.

- 2.1 Þeir sem starfrækja starfsmannabústaði og starfsmannabúðir skulu leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði því eigi komið við skal leita leyfis Hollustuverndar ríkisins.
- 2.2 Með umsókn til heilbrigðisnefndar skal fylgja afrit Hollustuverndar ríkisins, Brunamálastofnunar ríkisins og viðkomandi byggingarnefndar, sem sérstaklega skulu gefa álit um það hvort uppfyllt séu skilyrði heilbrigðisreglugerðar, brunamála-reglugerðar og byggingarreglugerðar.
- 2.3 Um leyfi til reksturs starfsmannabúða skal hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.